



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Stærðfræði – 3. bekkur

Unnið er markvisst með grunnhugtök, talnaskilning, rökhugsun, rúmfræði og mælingar. Leitast er við að tengja viðfangsefnið nemendum sjálfum, umhverfi þeirra og daglegu lífi. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu og að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt, s.s. í gegnum ýmiskonar leiki, þrautir og spil. Unnið er með námsefnið Sproti 3a og 3b, bæði nemendabók og æfingahefti, Evolytes: Vinir í vanda og Stærðfræðisþæjarar 2. Heimanám fer heim einu sinni í viku. Heimanámið miðast við að dýpka það efni sem unnið hefur verið með í skólanum.

Matsviðmið

Tölur og reikningur

Lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 1000 og táknað slíkar tölur með peningum.

Unnið með einingar, tugi og hundruð.

Talið áfram og aftur á bak á mismunandi vegu.

Leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa tölum.

Námundað að næsta tug og hundraði.

Sett upp samlagningar- og frádráttardæmi, allt upp í þriggja stafa tölur.

Leyst dæmi þar sem þarf að taka til láns og geyma.

Farið með margföldunartölur frá 0-10.

Skipt upp ákveðnum fjölda, deilt.

Gert grein fyrir tengslum margföldunar og deilingar.

Rúmfræði og mælingar

Flokkað og greint tvívíð og þrívíð form í umhverfi sínu s.s. rétthyrndan þríhyrning, ílangan rétthyrning, ferning, samsíðung, keilu, píramída, sívalning tening og kúlu.

Greint rétt, hvöss og gleið horn, m.a. í þríhyrningum og ferhyrningum.

Teiknað þrívíðar myndir.

Talið ferninga sem mælieiningu fyrir flatarmál og teninga sem rúmmálseiningu.

Notað fjölbreyttar aðferðir við mælingar á lengd og þyngd.

Breytt metrum í sentímetra og öfugt.

Borið saman lengdir og flatarmál með mælingum.

Notað hugtök sem varða tíma, s.s. heiti vikudaga og mánaða.

Lesið á tölvu-úr og skífuklukku.

Algebra

Lýst og haldið áfram með talnarunur og talnamynstur.

Tölfræði og líkindi

Safnað gögnum, flokkað þau og talið.

Sett upplýsingar fram í töflu og sýnt niðurstöður í einföldum súlu- og línuritum.

Lesið úr einföldum súlu- og línuritum.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennarar meta hæfniviðmið þrisvar sinnum á skólaárinu; fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar og í lok skólaárs. Matið er birt á Mentor. Athugið að ekki eru öll hæfniviðmið metin hverju sinni heldur velja kennarar þau viðmið sem áhersla er lögð á og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir, kaflapróf og próf.

Yfirfarið í október 2024